

226.fundur - 14.október 2004

Til fundarins var boðað með svofelldri dagskrá:

- 1) Farið yfir fundargerð 225. fundar hreppsnefndar 16.september 2004.
- 2) Fundargerð skipulags-, bygginga- og hafnarnefndar 14. október 2004
- 3) Samningur Reykhólahrepps við Ísafjarðarbæ um þjónustu í barnaverndarmálum.
- 4) Erindi frá Fasteignamati ríkisins varðandi fasteignina Vesturbraut 2, Reykhólum (endurupptaka fasteignamats)
- 5) Fyrstu tillögur nefndar um sameiningu sveitarfélaga, erindi frá félagsmálaráðuneytinu.
- 6) Samstarf sveitarfélaga á Vestfjörðum í menningarmálum, erindi frá Fjórðungssambandi Vestfirðinga.
- 7) Fundarboð frá stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga, fundur á Reykhólum 19.október með hreppsnefnd Reykhólahrepps (tilkynning)
- 8) Erindi frá Sambandi breiðfyrskra kvenna (styrkbeiðni)
- 9) Veðurathuganir á Reykhólum, bréfaskipti veðurstofustjóra og sveitarstjóra Reykhólahrepps
- 10) Umhverfisviðurkenningar, erindi frá Jóni Þór Kjartanssyni á Reykhólum
- 11) Boðun XVIII. landsþings Sambands íslenskra sveitarfélaga, erindi frá Sambandinu.
- 12) Umsókn til Reykhólahrepps um styrk vegna verkefnisins "Stöðvum barnaklám á Netinu", erindi frá félaginu "Barnaheill."
- 13) Minningarsjóður Bjarna Þórðarsonar og Þóreyjar Pálsdóttur, ársreikningur 2002 og 2003.
- 14) Fundargerð heilbrigðisnefndar Vestfjarða 10.september 2004.
- 15) Önnur mál.

Fundurinn hófst kl. 15:05. Mættir allir aðalmenn nema Bjarki Stefán Jónsson. Sveitarstjóri sat fundinn og reit fundargerð.

Fundurinn hófst með því að oddviti las upp dagskrá. Lögð voru fram tvö mál til viðbótar frá sveitarstjóra:

- a) Fundargerð félagsmála- og jafnréttisnefndar 13. október 2004
- b) Skráning á álfum og trölum í Reykhólasveit; Erla Stefánsdóttir sjáandi og Kolbrún Þóra Oddsdóttir landslagsarkitekt.

Samþykkt að bæta ofangreindum málum á dagskrána og var nú gengið til dagskrár:

- 1) Sveitarstjóri fór yfir fundargerð 225. fundar hreppsnefndar 16. september 2004.
- 2) Fundargerð skipulags-, bygginga- og hafnarnefndar 14. október 2004 (dreift á fundinum). Fundargerð samþykkt.
- 3) Samningur Reykhólahrepps við Ísafjarðarbæ um þjónustu í barnaverndarmálum. Reykhólahreppur samþykkir samninginn fyrir sitt leyti.

4) Erindi frá Fasteignamati ríkisins varðandi fasteignina Vesturbraut 2, Reykhólum. Reykhólahreppur gerir ekki athugasemdir við endurupptöku fasteignamats umræddrar fasteignar. Rétt er að breyta skráðri notkun eignarinnar til samræmis við raunverulega notkun í dag.

5) Fyrstu tillögur nefndar um sameiningu sveitarfélaga, erindi frá félagsmálaráðuneytinu. Lagðar fram til kynningar.

6) Samstarf sveitarfélaga á Vestfjörðum í menningarmálum; erindi frá Fjórðungssambandi Vestfirðinga. Samþykkt breytingartillaga menningarnefndar Ísafjarðarbæjar varðandi skipan menningarráðs, þó þannig að gert verði ráð fyrir einum fulltrúa úr Strandasýslu og einum úr Austur-Barðastrandarsýslu í stað þess að tala um "tvo fulltrúa frá Ströndum og Reykhólum."

7) Fundarboð frá stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga, fundur á Reykhólum 19.október með hreppsnefnd Reykhólahrepps (tilkynning)

8) Erindi frá Sambandi breiðfirska kvenna (styrkbeiðni). Samþykkt.

9) Veðurathuganir á Reykhólum, bréfaskipti veðurstofustjóra og sveitarstjóra Reykhólahrepps. Lagt fram til kynningar.

10) Umhverfisviðurkenningar, erindi frá Jóni Þór Kjartanssyni á Reykhólum. Vísað til umhverfis- og náttúruverndarnefndar.

11) Boðun XVIII. landsþings Sambands íslenskra sveitarfélaga, erindi frá Sambandinu. Kjósa þurfti nýjan fulltrúa þar sem fulltrúinn sem kosinn var 2002 situr ekki lengur í hreppsnefnd. Egill lagði til að oddviti yrði aðalmaður og sveitarstjóri varamaður. Samþykkt.

12) Umsókn til Reykhólahrepps um styrk vegna verkefnisins "Stöðvum barnaklám á Netinu", erindi frá félaginu "Barnaheill." Farið er fram á kr. 20.000,- á tveggja ára tímabili; kr. 10.000,-hvort ár. Samþykkt.

13) Minningarsjóður Bjarna Þórðarsonar og Þóreyjar Pálsdóttur, ársreikningar 2002 og 2003. Lagðir fram til kynningar. Sveitarstjóra falið að kanna möguleika á að leggja minningarsjóðinn niður, enda sjóðurinn mjög lítill og leggja eignir hans til einhverra góðra málefna í sveitarfélaginu.

14) Fundargerð heilbrigðisnefndar Vestfjarða 10. september 2004. Lögð fram til kynningar.

#### Önnur mál:

a) Fundargerð félagsmála- og jafnréttisnefndar 13. október 2004. Samþykkt.

b) Skráning á álfum og tröllum í Reykhólahreppi. Erla Stefánsdóttir sjáandi og Kolbrún Þóra Oddsdóttir landslagsarkitekt hafa boðist til að gera kort þar sem skráðar yrðu vættir staðarins. Kanna þarf kostnað. Ákvörðun tekin síðar.

Fundi var síðan lokað vegna málefna einstaklinga og sú fundargerð færð í trúnaðarmálabók hreppsnefndar.

Fleira gerðist ekki. Fundargerðir upp lesnar og samþykktar. Fundi slitið kl. 19:40

Gústaf Jökull Ólafsson (sign) Egill Sigurgeirsson (sign)

Björk Bárðardóttir (sign) Þórður Jónsson (sign)

Einar Örn Thorlacius (sign)